



Varðandi: Auglýsingaskilti við Hvalfjarðargöng
Málsnúmer: 1605174
Dagsetning: 21. júní 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að setja upp upplýsingaskilti við Hvalfjarðargöng, norðan megin við hringtorgið, þar sem svokallað Krónuskilti var áður staðsett, og felur bæjarstjóra að fylgja málinu eftir gagnvart Hvalfjarðarsveit. Kostnaði við gerð upplýsingaskiltis og leigu verði mætt af liðnum 13640-2890.

GREINARGERÐ: Í rúmlega eitt ár hafa forsvarsmenn KFÍA unnið að því í samstarfi við Akraneskaupstað að koma upp flettiskilti við Hvalfjarðargöng með auglýsingum. Markmiðið er að auglýsa bæjarfélagið og veita helstu fyrirtækjum aðgang að skiltinu og ná þannig inn tekjum til félagsins. Forsvarsmenn Akraneskaupstaðar hafa frá upphafi verið jákvæðir varðandi þátttöku í kostnaði við uppsetningu skiltisins þar sem það er mikilvægt að vekja athygli á bæjarfélaginu við aðkomuleiðir að bænum, við Hvalfjarðargöngin og hjá Melahverfinu.

Forsvarsmenn KFÍA hafa fengið leyfi hjá landeiganda og sóttu um leyfi hjá Hvalfjarðarsveit. Skipulagsfulltrúi sendi beiðnina til Umhverfisstofnunar sem hafnaði henni með tilvísun í lög um umhverfisvernd. Auglýsingaskiltin eru talin valda truflun í umferðinni og sjónmengun. Til þess að nýta megi svæðið undir auglýsingaskilti þarf að skilgreina landið sem þéttbýli og breyta aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Skilgreining á þéttbýli er eftirfarandi: „Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Þéttbýli getur þó verið afmarkað með öðrum hætti í aðalskipulagi sveitarfélags.“



Akraneskaupstaður

Til bráðabirgða er því möguleiki á að sækja um heimild hjá Hvalfjarðarsveit til uppsetningar upplýsingaskiltis þar sem vegfarendur eru boðnir velkomnir til Akranes. Knattspyrnufélag Akraness er tilbúið að leigja skiltastæði til kaupstaðarins á kr. 80 þúsund á mánuði eða 960 þúsund á ársgrundvelli.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri